

Fundarnúmer:	567
Dagsetning:	03.11.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

567. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 3. nóvember 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við fulltrúa USVH.
3. Dagvist fyrir aldraða.
4. Bréf Umhverfissráðuneytisins.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir stöðu einstakra framkvæmda í m.a. gatnagerð, vatnsveitu, hitaveitu o.fl. Byggðarráð felur tæknideild að leggja fram áætlun endurbætur á veitusvæðum vatnsveitu. Fram lögð tillaga forstöðumanns tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss um ráðningu Benedikts Rafnssonar í starf í áhaldahúsi. Byggðarráð staðfestir ráðningu Benedikts. Guðný Helga Björnsdóttir lýsir yfir vanhæfi sínu við afgreiðsluna.
2. Til fundar með byggðarráði eru mættir fulltrúar USVH. Farið yfir ósk sambandsins um endurskoðun samstarfssamnings milli Húnaþings vestra og USVH. Almenn tætt um stuðning við íþrótt- og æskulýðsstarf í héraði. Byggðarráð samþykkir að tilnefna sveitarstjóra og formann byggðarráðs til viðræðna fulltrúa USVH um endurskoðun samstarfssamnings.
3. Formaður byggðarráðs og sveitarstjóri greindu frá viðræðum við fulltrúa Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga um dagvistarmál aldraðra. Byggðarráð samþykkir að sækja til heilbrigðisráðuneytisins um úthlutun dagvistarrýmis fyrir aldraða vegna heilabilaðra.
4. Fram lagt til kynningar bréf Umhverfissráðuneytisins þar sem greint er frá undirbúningi að setningu reglugerðar um utanvegaakstur.

Samþykkt að taka á dagskrá:

5. Fram lagt fundarboð þar sem fulltrúar eigenda Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra eru boðaðir til kynningarfundar um fyrirhugaða viðbyggingu verknámshúss. Fundurinn verður haldinn í ráðhúsinu á Blönduósi miðvikudaginn 5. nóvember nk. kl. 10:00
6. Forstöðumaður tæknideildar lagði fram upprætti hönnuðar vegna fyrirhugaðra endurbóta á sal og neyðarútgangi efri hæðar í húsnaði íbúða aldraðra í Nestúni. Byggðarráð felur sveitarstjóra að sækja um byggingarleyfi til skipulags- og umhverfissráðs.
7. Að tillögu Heimis Ágústssonar samþykkir byggðarráð að boða fulltrúa aðila í atvinnurekstri til fundar um stöðu atvinnumála í héraði. Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn síðar í þessum mánuði.

Fundagerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:10.

Elín R. Línal(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).
Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign).